

Gunnar Aron Ólason <gunnar@utu.is>

Til : Jakob Gunnarsson - SLS;Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Gunnar Aron Ólason <gunnar@utu.is>
CC : Stella Rúnarsdóttir <stella@utu.is>;Vigfús Þór Hróbjartsson <vigfus@utu.is>
Heiti : Umsögn Hrunamannahrepps
Málsnúmer. : 202111016
Málsaðili : Fannborg ehf
Efnisflokkur : Umsögn
Skjalategund : Innkomið skjal
Skráð dags : 10.12.2021
Höfundur : Gunnar Aron Ólason <gunnar@utu.is>

Viðhengi

image001.png

Góðan daginn, hér er umsögn skipulagsnefndar og sveitarstjórnar vegna málsins: Uppbygging aðstöðu fyrir ferðamenn í Kerlingafjöllum; Umsagnarbeiðni - 2112007

Þann 8. desember 2021 bókaði skipulagsnefnd:

Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn um fyrirhugaða framkvæmd Fannborgar og skipulagslýsingu Hrunamannahrepps, dags. 25. október 2021. Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli, að hans mati, á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila. Þá skal, eftir því sem við á, benda á atriði sem nýst geta við endanlega útfærslu deiliskipulagstillögunnar og vinnslu hennar.

Skipulagsnefnd UTU telur að innan fyrirspurnar um matsskyldu sé á fullnægjandi hátt gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Nefndin telur að framkvæmdir á grundvelli framlagðra gagna sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdir á grundvelli fyrirspurnar eru eftir atvikum háðar útgáfu bygginga- og framkvæmdaleyfa af hálfu sveitarfélagsins.

Þann 9. desember 2021 bókaði sveitarstjórn Bláskógbabyggðar:

Erindi Skipulagsstofnunar, dags. 2. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn um fyrirhugaða framkvæmd Fannborgar hvað varðar uppbyggingu aðstöðu fyrir ferðamenn í Kerlingafjöllum og skipulagslýsingu Hrunamannahrepps, dags. 25. október 2021. Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila. Þá skal, eftir því sem við á, benda á atriði sem nýst geta við endanlega útfærslu deiliskipulagstillögunnar og vinnslu hennar.

Sveitarstjórn Bláskógbabyggðar telur að nægilega sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd í framlögðum gögnum, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Það

er mat sveitarstjórnar að framkvæmdin þurfi ekki að fara í umhverfismat. Framkvæmdir á grundvelli fyrirspurnarinnar eru ekki háðar leyfisveitingum af hálfu Bláskógabyggðar.

Bestu kveðjur,
Gunnar A. Ólason
Ritari skipulagsfulltrúa
 Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita
Dalbraut 12, 840 Laugarvatn

Vefur: www.utu.is
Kortasjá: www.map.is/sudurland

Ásta Stefánsdóttir <asta@blaskogabyggd.is>

Til : Skipulagsstofnun - SLS; Jakob Gunnarsson - SLS
Frá : Ásta Stefánsdóttir <asta@blaskogabyggd.is>
Heiti : 2112008 - Aðstaða fyrir ferðamenn í Kerlingarfjöllum
Málsnúmer. : 202111016
Málsaðili : Fannborg ehf
Efnisflokkur : Umsögn
Skjalategund : Innkomið skjal
Skráð dags : 9.12.2021
Höfundur : Ásta Stefánsdóttir <asta@blaskogabyggd.is>

Góðan dag

Eftirfarandi er bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar frá því í dag:

Aðstaða fyrir ferðamenn í Kerlingarfjöllum - 2112008

Erindi Skipulagsstofnunar, dags. 2. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn um fyrirhugaða framkvæmd Fannborgar hvað varðar uppyggingu aðstöðu fyrir ferðamenn í Kerlingafjöllum og skipulagslýsingu Hrunamannahrepps, dags. 25. október 2021.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila. Þá skal, eftir því sem við á, benda á atriði sem nýst geta við endanlega útfærslu deiliskipulagstillögunnar og vinnslu hennar.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur að nægilega sé gerð grein fyrir fyrirhugagöri framkvæmd í framlöögðum gögnum, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Það er mat sveitarstjórnar að framkvæmdin þurfi ekki að fara í umhverfismat. Framkvæmdir á grundvelli fyrirspurnarinnar eru ekki háðar leyfisveitingum af hálfu Bláskógabyggðar.

Kveðja,

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri

Bláskógabyggð,

Aratungu, 806 Selfoss

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að tölvupósturinn hafi ranglega borist þér.

Gunnar Aron Ólason <gunnar@utu.is>

Til : Jakob Gunnarsson - SLS;Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Gunnar Aron Ólason <gunnar@utu.is>
CC : Vigfús Þór Hróbjartsson <vigfus@utu.is>;Stella Rúnarsdóttir <stella@utu.is>
Heiti : Umsögn Skeiða- og Gnúpverjahrepps send á Skipulagsstofnun, uppbygging aðstöðu fyrir ferðamenn í Kerlingafjöllum, Umsagnarbeiðni
Málsnúmer. : 202111016
Málsaðili : Fannborg ehf
Efnisflokkur : Umsögn
Skjalategund : Innkomið skjal
Skráð dags : 15.12.2021
Höfundur : Gunnar Aron Ólason <gunnar@utu.is>

Góðan daginn, hér er umsögn hreppsnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna málsins: Uppbygging aðstöðu fyrir ferðamenn í Kerlingafjöllum; Umsagnarbeiðni - 2112007

Þann 8. desember 2021 bókaði hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps:

Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn um fyrirhugaða framkvæmd Fannborgar við uppbyggingu í Ásgarði í Kerlingarfjöllum og skipulagslýsingu Hrunamannahrepps.
Meirihluti sveitarstjórnar gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd við uppbyggingu í Ásgarði í Kerlingarfjöllum og skipulagslýsingu Hrunamannahrepps.
Anna Sigriður Valdimarsdóttir situr hjá.

Bestu kveðjur,
Gunnar A. Ólason
Ritari skipulagsfulltrúa
Dalbraut 12, 840 Laugarvatn

Vefur: www.utu.is
Kortasjá: www.map.is/sudurland

Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>

Til : Jakob Gunnarsson - SLS;Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>
CC : Vigfús Þór Hróbjartsson <vigfus@utu.is>;Stella Rúnarsdóttir <stella@utu.is>;Gunnar Aron Ólason <gunnar@utu.is>;Elísabet Dröfn Erlingsdóttir <elisabet@utu.is>
Heiti : RE: Uppbygging aðstöðu fyrir ferðamenn í Kerlingafjöllum - Umsagnarbeiðni
Málsnúmer. : 202111016
Málsaðili : Fannborg ehf
Efnisflokkur : Umsögn
Skjalategund : Innkomið skjal
Skráð dags : 9.12.2021
Höfundur : Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>

Viðhengi

[image001.jpg](#)

Góðan dag.

Forsætisráðuneytið vísar til erindis Skipulagsstofnunar frá 2. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn ráðuneytisins vegna lýsingar deiliskipulags í Ásgarði í Kerlingarfjöllum, samhliða umsagnarumleitan vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu, sbr. 9. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Fannborg ehf hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu um uppbyggingu aðstöðu fyrir ferðamenn í Kerlingarfjöllum skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti skipulags- og matslysingu til kynningar og umsagnar í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á sveitarstjórnarfundi 4. nóvember 2021. Jafnframt samþykkti sveitarstjórn að fela Skipulagsstofnun að leita umsagna vegna lýsingar deiliskipulags samhliða umsagnarumleitan vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu, sbr. 9. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í gildi er deiliskipulag, Hrunamannahreppur, Svæði Fannborgar, Ásgarði Kerlingarfjöllum, sem tók gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda þann 24.03.2014. Fyrirhuguð uppbygging í Ásgarði, svæði Fannborgar í Kerlingarfjöllum, er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag á svæðinu og er unnið að gerð nýs deiliskipulags vegna fyrirhugaðar uppbyggingar á hluta þess svæðis sem nágildandi deiliskipulag nær til. Gildandi skipulag er flókið í framsetningu og tekur til mun fleiri svæða en reits Fannborgar. Eftir samráð við skipulagsfulltrúa Uppsveita Árnessýslu og sveitarfélagið var metið að ákjósanlegast væri að vinna nýtt deiliskipulag og við gildistöku þess mun reitur Fannborgar falla úr gildi, úr gildandi deiliskipulagi.

Fannborg áformar að hefja framkvæmdir við hálendismiðstöðina í Kerlingarfjöllum, þar sem rekin er aðstaða fyrir ferðamenn og útvistarfólk. Gert er ráð fyrir að byggja nýja gistiaðstöðu, endurgera allar eldri byggingar og færa hluta þeirra til innan svæðisins, svo rýma megi til fyrir nýjum byggingum.

Athafnasvæðið í Ásgarði verður endurskipulag og þá einkum umferðarskipulag og bílastæði.

Uppbyggingaráform á svæðinu hafa áður farið í gegnum fullt mat á umhverfisáhrifum og lauk því ferli með álti Skipulagsstofnunar þann 24. apríl 2019. Nú stendur til að draga úr þeim áformum sem þar voru til umfjöllunar og breyta uppröðun og ásýnd bygginga. Til þess að það sé hægt þarf vinna nýtt deiliskipulag fyrir reit Fannborgar, og falla þessar breytingar undir tl. 13.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í nýju deiliskipulagi er gert ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

- Færsla á gatnamótum og nýr vegur lagður að tjaldsvæðinu.

- Byggingarreitur K færður yfir núverandi veg, þ.a.l. inn á raskað svæði. - Hestagerði verður fært en í stað þess verður núverandi tjaldsvæði stækkað, er það ósk hestamanna að færa gerðið norðan við Kerlingarfjallaveg.
- Byggingarreitur C færður inn á núverandi tjaldsvæði þar sem að reitur K fer inn á reit C. Reitur C mun hýsa Nípur og þjónustuhús fyrir tjaldsvæði. Staðsetning Nípa innan byggingarreits C er ekki ákveðin að svo stöddu.
- Minni byggingar sem fyrir eru á svæðinu verða færðar og endurnýttar sem þjónustuhús við tjaldgesti, ef ástand þeirra leyfir.

Mest breytingin, er færsla á byggingarreit K vestur fyrir veg. Ávinnungur þess er margþættur:

- Ekki byggt inn í hlíðina, en því hefði fylgt töluverð jarðvinna og rask á tiltölulega óraskaðri hlíð.
- Verður í staðin byggt á þegar röskuðu svæði, núverandi vegstæði. - Umferð og bílastæði "falin" austan við byggingar. Með því er dregið úr ásýnd bílastæða.
- Tekið fyrir almenna bílaumferð eftir bökkum Ásgarðsár eins og kostur er, umferð stýrt.
- Skipulag bílastæða við byggingar og tjaldstæði verða skýr og dregið úr ásýnd þeirra eins og kostur er. Núverandi staða er þannig að bílastæði eru út um allt og ekki skilmerkilegt hvar bílar eiga heima og hvar ekki.

Í nýja skipulaginu verður gert ráð fyrir 150 gistirýmum.

Forsætisráðuneytið gerir ekki athugasemdir við greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna tillögu á nýju deiliskipulagi hálandismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum, en tekur fram að mikilvægt sé að haft verði samráð við ráðuneytið ef frekari skipulagsvinna fer fram á svæðinu. Ráðuneytið telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á.

Minnt er á að allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykti ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 og að leyfi ráðherra þarf fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.

Haft var samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um þjóðlendor og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu, nr. 58/1998, við afgreiðslu erindisins.

Virðingarfullst, Regína Sigurðardóttir.



Regína Sigurðardóttir, sérfræðingur / Specialist
 Forsætisráðuneyti / Prime Minister's Office
 Skrifstofa löggjafarmála / Department of Legislative Affairs
 Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland
 Sími / Tel: (+354) 545 8400
www.stjornarradid.is / www.govt.is - Fyrirvari/Disclaimer

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður /
 Please consider the environment before printing



JAFNLAUNAVOTTUN
 2018 - 2021



GRÆN SKREF
 i rikisrekstri

Frá: Jakob Gunnarsson - SLS
 Sent: fimmtudagur, 2. desember 2021 11:25

Til: pall.thorallsson@for.is; Regína Sigurðardóttir

Efni: Uppbygging aðstöðu fyrir ferðamenn í Kerlingafjöllum - Umsagnarbeiðni

Fannborg ehf hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu um uppbyggingu aðstöðu fyrir ferðamenn í Kerlingafjöllum skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Fyrirhuguð uppbygging í Ásgarði, svæði Fannborgar í Kerlingarfjöllum, er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag á svæðinu og er unnið að gerð nýs deiliskipulags vegna fyrirhugaðar uppbyggingar á hluta þess svæðis sem núgildandi deiliskipulag nær til.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti skipulags- og matslysingu til kynningar og umsagnar í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á sveitarstjórnarfundí 4. nóvember 2021. Jafnframt samþykkti sveitarstjórn að fela Skipulagsstofnun að leita umsagna vegna lýsingar deiliskipulags samhliða umsagnarumleitan vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu, sbr. 9. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Sameinuð kynning fyrir umsagnaraðilum á grundvelli 9. gr. laga nr. 111/2021 gefur umsagnaraðilum kost á að kynna sér á sama tíma áform framkvæmdaraðila sem lögð eru fram vegna málsmálförðar á grundvelli laga nr. 111/2021 sem og skipulagsgögn sem varða framkvæmdina og veita eina umsögn um hvoru tveggja.

Skipulagsstofnun óskar hér með eftir umsögn um fyrirhugaða framkvæmd Fannborgar og skipulagslysingu Hrunamannahrepps, dags. 25. október 2021.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila. Þá skal, eftir því sem við á, benda á atriði sem nýst geta við endanlega útfærslu deiliskipulagstillögunnar og vinnslu hennar.

Þess er óskað að útbúin verði ein umsögn og hún send Skipulagsstofnun fyrir 30. desember 2021 á jakob@skipulag.is og skipulag@skipulag.is. Skipulagsstofnun mun síðan áframsenda umsögnina til Hrunamannahrepps.

Jakob Gunnarsson

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

Jakob.Gunnarsson@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun





Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulagsstofnun

Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

jakob.gunnarsson@skipulag.is
skipulag@skipulag.is

Selfossi, 10. janúar 2022

2112046HS SG

Efni: Kerlingarfjöll - Umsögn um lýsingu DSK og tilkynningu til ákvörðunar um matskyldu

Þann 2. desember sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um lýsingu vegna nýs deiliskipulags fyrir hálandismiðstöð á reit Fannborga ehf. í Ásgarði, Kerlingarfjöllum, Hrunamannahreppi.

Jafnframt barst sama dag tölvupóstur Skipulagsstofnunar þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu til ákvörðunar um matskyldu vegna tillögu að nýju deiliskipulagi ofangreindrar hálandismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum.

Í lýsingu deiliskipulags kemur fram að fyrirhugað er að gera nýtt deiliskipulag á grunni nágildandi deiliskipulag frá 2014 sem þykir óþarflega flókið auk þess sem það taki til stærra svæðis, það verði því fellt úr gildi um leið og nýtt deiliskipulag verði samþykkt. Svæði Fannborgar er afmörkuð lóð, 5,5 ha að stærð L223398 Ásgarður. Í Ásgarði eru nú 16 byggingar fyrir allt að 167 manns, þar af 146 gistiþymi fyrir gesti.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti skipulags- og matslysingu til kynningar og umsagnar í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á sveitarstjórnarfundi 4. nóvember 2021. Jafnframt samþykkti sveitarstjórn að fela Skipulagsstofnun að leita umsagna vegna lýsingar deiliskipulags samhliða umsagnarumleitan vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu, sbr. 9. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Sameinuð kynning fyrir umsagnaraðilum á grundvelli 9. gr. laga nr. 111/2021 gefur umsagnaraðilum kost að kynna sér á sama tíma áform framkvæmdaraðila sem lögð eru fram vegna málsmeðferðar á grundvelli laga nr. 111/2021 sem og skipulagsgögn sem varða framkvæmdina og veita eina umsögn um hvoru tveggja.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og bendir á að í deiliskipulagi þarf að gera grein fyrir öflun neysluvatns og fyrirhuguðu fráveitumannvirki fyrir svæðið í heild. Jafnframt er æskilegt að gera grein fyrir virkjun sem þegar er á svæðinu vegna rafmagnsframleiðslu. Að öðru leyti gerir embættið engar athugasemdir við lýsinguna sem slíka, en áskilur sér rétt til að koma fram með athugasemdir og/eða ábendingar síðar við meðferð málsins.



Umsögn um tilkynningu til ákvörðunar á matsskyldu:

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur jafnframt farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum, enda hafi mat þegar verið gert fyrir svæðið.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir hálendismiðstöð með gisti- og veitingaþjónustu, ásamt einkavatnsveitu starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt þeim reglugerðum sem undir þau heyra, s.s. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, landmótun og verktaakaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri

* Rafræn skilríki


Undirritað af: Sigrún Guðmundsdóttir

Kennitala: 0410602639

Tími: 10.01.2022 14:26

Undirritað skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 13. desember 2021
MÍ202112-0074 / 6.07 / K.M.

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Efni: Hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum, Hrunamannahreppi.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 2. des. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Jafnframt er óskað eftir að í sömu umsögn verði, eftir því sem við á, fjallað um skipulags- og matslysingum deiliskipulags Ásgarðs í Kerlingarfjöllum.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Í greinargerð framkvæmdaraðilans, Fannborgar, segir að fyrirtækið áformi að hefja framkvæmdir við hálendismiðstöðina í Kerlingarfjöllum, þar sem rekin er aðstaða fyrir ferðamenn og útvistarfólk. Gert sé ráð fyrir að byggja nýja gistiðstöðu, endurgera allar eldri byggingar og færa hluta þeirra til innan svæðisins, svo rýma megi til fyrir nýjum byggingum. Athafnasvæðið í Ásgarði verði endurskipulagt og þá einkum umferðarskipulag og bílastæði. Áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda sé fyrst og fremst umsvifasvæðið í Ásgarði og allra næsta nágrenni.

Uppbyggingaráform á svæðinu hafa áður farið í gegnum fullt mat á umhverfisáhrifum og lauk því ferli með áltí Skipulagsstofnunar þann 24. apríl 2019. Nú stendur til að draga úr þeim áformum sem þar voru til umfjöllunar og breyta uppröðun og ásýnd bygginga. Til þess að það sé hægt þarf vinna nýtt deiliskipulag fyrir reit Fannborgar.

Svæði Fannborgar er 5,5 ha að stærð. Elsta húsið á svæðinu er sæluhús sem reist var um miðja síðustu öld. Nú eru þar 15 byggingar og gistiðstöð fyrir allt að 150 manns. Í nýju skipulagi er gert ráð fyrir 156 gistiðstöðum fyrir gesti. Það er því ekki stefnt að því að fjölga gestum heldur eingöngu breyta skipulagi svæðisins og samsetningu gistiðstöðum.

Í kafla 4 í skipulags- og matslysingu er fjallað um umhverfisþætti. Þar kemur fram að í umhverfisskýrslu deiliskipulags verði áhrif skipulagsins á nokkra umhverfisþætti skoðuð, þ.á.m. á minjar. Þeir þættir sem verði skoðaðir hafi allir verið til skoðunar í umhverfismati 2018.


Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmiðjar nr. 80/2012 eru ákvæðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnáslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993 getur aðili málss óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Fjallað er um minjar í kafla 3.6 í greinargerð framkvæmdaaðilans. Eins og þar kemur fram voru fornleifar skráðar í Kerlingarfjöllum árið 2008 í tengslum við vinnu við annan hluta rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúruverndarsvæða. Einungis tvær vörður voru skráðar á svæðinu og eru þær langt utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis í Ásgarði.

Í september árið 2011 fór minjavörður Suðurlands í Kerlingarfjöll til að skoða athafnasvæði Fannborgar ehf í Ásgarði vegna tillögu að deiliskipulagi svæðisins sem þá var í vinnslu. Tillagan gerði ráð fyrir nýjum byggingum á allmögum byggingarreitum. Minjavörður veitti umsögn um skipulagstillöguna með bréfi til Hrunamannahrepps dags. 27.09.2011. Engar fornleifar fundust á svæðinu.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við skipulags- og matslysingu deiliskipulags Ásgarðs í Kerlingarfjöllum. Stofnunin telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfallst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent í tölvupósti:

Jakob Gunnarsson (jakob.gunnarsson@skipulag.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagsstofnun
b.t. Jakobs Gunnarssonar
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 30. desember 2021

Tilvísun: 202112-0006

SS

ss

Efni: Uppbygging ferðaþjónustu í Kerlingarfjöllum. Umsögn um tilkynningu um matsskyldu og skipulags- og matslýsingu.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 2. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufraðistofnunar Íslands um tilkynningu um matsskyldu og skipulags- og um matslýsingu fyrir deiliskipulag varðandi uppbyggingu aðstöðu fyrir ferðamenn í Ásgarði, svæði Fannborgar í Kerlingarfjöllum í Hrunamannahreppi. Óskað var eftir sameiginlegrí umsögn um tilkynninguna og skipulags- og matslýsinguna.

Uppbygging aðstöðu fyrir ferðamenn í Ásgarði hefur áður verið til umfjöllunar og farið í gegnum umhverfismatsferli sem lauk með álti Skipulagsstofnunar þann 24. apríl 2019. Náttúrufraðistofnun Íslands veitti umsagnir í því ferli t.a.m. um matsáætlun þann 19. janúar 2017 og um frummatsskýrslu 25. júlí 2018. Þá gerðu sérfræðingar Náttúrufraðistofnunar úttekt á gróðurfari og jarðminjum á áætluðu framkvæmdasvæði við Ásgarð og var sú vinna hluti af umhverfismatsferlinu. Skýrslan „Kerlingarfjöll. Gróðurfar og jarðminjar“ kom út árið 2016 og er aðgengileg hér: [NI-16006.pdf](#).

Náttúrufraðistofnun hefur kynnt sér tilkynningu um matsskyldu og skipulags- og matslýsingu og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Í álti Skipulagsstofnunar frá 24. apríl 2019 var fjallað um fjóra valkosti um uppbyggingu hálendismiðstöðvar fyrir ferðamenn í Ásgarði, þar af einn núllkost. Tveir af þessum valkostum gerðu ráð fyrir mjög mikilli uppbyggingu og tvöföldun í fjölda gistirýma. Skipulagsstofnun taldi að svo umfangsmikil uppbygging fæli í sér „stefnubreytingu frá því sem gildir um svæðið samkvæmt landsskipulagsstefnu og fordæmi fyrir uppbyggingu ferðaþjónustuaðila almennt á miðhálendinu hvað varðar umfang og eðli sem ekki væri svigrúm fyrir eða tilefni til miðað við aðstæður í Kerlingarfjöllum“. Einnig að „hætta væri á að þolmörk náttúruferðamennsku og náttúru svæðisins gæti verið yfirstigin ef ferðamönnum myndi fjölga mikið umfram það sem er“. Sú uppbygging sem áformuð var og var til umfjöllunar í umhverfismatinu væri til þess fallin að fjölga ferðamönnum og auka álag á svæðinu. Það var því endanleg niðurstaða Skipulagsstofnunar að fresta ætti ákvörðunum um



eins viðamikla uppbyggingu og valkostir 3 og 4 sem til umfjöllunar voru fælu í sér. Varðandi valkost 2 sem ekki fól í sér aukningu á gistirýmum var það álit Skipulagsstofnunar að „áhrifin af þeim valkosti yrðu óveruleg á útivist, landslag og náttúrufar, að því gefnu að ráðandi hluti gistingar væri gistiskála- og/eða fjallaskálagisting en ekki gistihúsa/hótelgisting“.

Í þeirri tilkynningu og skipulags- og matslysingu sem nú er til umfjöllunar, er lögð fram ný tillaga um uppbyggingu aðstöðu fyrir ferðafolk á svæði Fannborgar í Ásgarði. Fram kemur í tilkynningunni að tillagan sé áframhaldandi þróun af valkosti 2 úr fyrra umhverfismati og að þar sem uppbyggingaráformin hefðu áður farið í gegnum fullt umhverfismat „þá [væru] einungis til umfjöllunar þær breytingar sem (hafa orðið) frá þeim áformum“.

Í nýju tillögunni eru Kerlingarfjöll áfram skilgreind sem hálendismiðstöð og markmið með uppbyggingu er eins og í eldri tillögum að bæta aðstöðu ferðamanna í Ásgarði og bregðast við aukinni eftirspurn um bætta þjónustu. Einnig að draga úr umhverfisáhrifum og á lagi á viðkvæma náttúru. Gert er ráð fyrir 156 gistirýmum fyrir gesti sem er svo til sami fjöldi og í valkosti 2 í eldri tillögu og ekki mikil aukning frá núverandi aðstöðu. Því er ekki stefnt að mikilli fjölgun gesta. Töluberðar breytingar eru hins vegar áætlaðar á skipulagi svæðisins og byggingar færðar til, byggt við þær og nýjar byggingar reistar. Einnig eru lagðar til breytingar á vegakerfi og bílastæðum svæðisins og gert ráð fyrir nýjungum í þjónustu eins og heitum pottum og svokölluðu „glamping“ gistaðstöðu.

Að mati Náttúrufræðistofnunar eru breytingarnar flestar til bóta miðað við eldri tillögur um uppbyggingu. Mikið er til bóta að fallið sé frá hugmyndum um mjög mikla aukningu á fjölda gistirýma og uppbyggingu samkvæmt því. Einnig er jákvætt að byggingarreitir eru færðir til þannig að þeir eru að töluberðum hluta staðsettir á röskuðum svæðum, og hlíðinni fyrir ofan Ásgarð sem og votlendi er hlíft að mestum hluta. Þetta er breyting frá fyrri tillögu þar sem stefndi í umtalsvert rask á votlendi.

Þá er jákvætt og nýtt í þessari tillögu að með breytingum á vegakerfi verður tekið fyrir almenna bílaumferð eftir bökkum Ásgarðsár eins og kostur er og sömuleiðis gert ráð fyrir að umferðin fari ekki eins langt inn á svæðið í suðurátt. Ein stór ný bygging verður á svæðinu sem mun leiða til þess að heildarbyggingarmagn á svæðinu mun aukast, en hún er tölувert minni en áður áætlaðar nýbyggingar og staðsett neðar í landinu þannig að ásýndaráhrif af henni verða minni úr fjarlægð. Þá er stefnt að því að hönnun og litaval nýbygginga leiði til þess að þær falli betur inn í landslagið og hæð þeirra verði svipuð og hæð núverandi bygginga. Þá munu sumar núverandi byggingar breytast eða færast til og verða mögulega minna áberandi.

Neikvæða breytingin er helst sú að gert er ráð fyrir nýjum vegslóða að tjaldstæði og mun hann liggja í gegnum óraskað gróðurlendi þ.m.t. votlendi að hluta. Þar með eykst flatarmál raskaðs svæðis í heild. Til móts kemur að vegslóðar á röskuðu gróðurlendi innar á svæðinu leggjast af og þar verða tækifæri til endurheimtar gróðurfars auk þess sem álag á votlendissvæðum minnkar þar sem umferð verður takmörkuð. Jarðminjum svæðisins verður hlíft í þessum breytingum.

Gistirymum mun ekki fjölda og því ólíklegt að hætta á ágangi ferðafólks á viðkvæma náttúru svæðisins muni aukast meir en nú er. Þá kemur fram að ekki verði nema lítil fjölgun uppbúinna rúma og svefnþokapláss er enn stór hluti gistiþáss. Aðstaða og þjónusta mun þó óneitanlega taka breytingum með nýjum byggingum, heitum pottum, „glamping“ aðstöðu o.fl.


Líklegt er að yfirbragð og eðli ferðajónustu og upplifunar gesta muni taka breytingum á sambærilegan hátt og gert var ráð fyrir varðandi valkost 2 í fyrri tillögu. Þó það sé ekki innan fagsviðs Náttúrufræðistofnunar að leggja mat á hvort slíkt sé æskilegt eða feli í sér stefnubreytingu miðað við skipulag svæðisins er mikilvægt að velta þeirri grundvallarsþurningu upp hvort uppbygging af þessum toga sé æskileg á hálandi Íslands, sérstaklega innan friðlýstra svæða. Ef vel tekst til er mögulegt að ekki þurfí að óttast slíka uppbyggingu. Hins vegar er það lykilatriði að tekið sé tillit til þeirra skilmála sem friðlýsingin felur í sér og einnig að ákvarðanataka um uppbyggingu ferðajónustu á svæðinu sé aðlöguð að því markmiði friðlýsingar að tryggja verndarstöðu náttúruminja og landslags á svæðinu. Þá skiptir höfuðmáli að vera í góðu samstarfi við umsjónaraðila friðlýsta svæðisins, þ.e.a.s. Umhverfisstofnun.

Í ljósi þessa verður það að teljast jákvætt að miðað við áformin sem hér eru til umfjöllunar þá er stefnt að því að aðstaða fyrir starfsfólk muni batna þ.m.t. starfsfólk á vegum Umhverfisstofnunar sem hefur umsjón með friðlýsta svæðinu. Þar með verður mögulega auðveldara að tryggja eftirlit með umferð ferðafólks á svæðinu og koma í veg fyrir rask á viðkvæmri náttúru. Breytingar á vegakerfi og umferðarskipulagi á svæðinu ættu einnig að hjálpa til hvað þetta varðar.

Verndun viðkvæmrar náttúru svæðisins þarf alltaf að vera í fyrsta sæti. Það á við um Kerlingarfjöll í heild sinni. Ef einhver hætta er á að breytingar leiði til þess að aukning gesta verði umfram þolmörk eða að hætta sé á að gestir gangi verr um viðkvæma náttúru mælir Náttúrufræðistofnun gegn slíkum breytingum. Að því sögðu telur Náttúrufræðistofnun að ekki þörf á að sú tillaga um uppbyggingu sem hér sé til umfjöllunar fari í fullt mat á umhverfisáhrifum. Upplýsingar (m.a. um náttúrufar svæðisins) og það mat á áhrifum sem fjallað er um í umhverfismati eldri tillagna ásamt þeim upplýsingum sem lagðar hafa verið fram um nýju tillöguna ættu að vera nægjanlegar til að geta afgreitt tillöguna gegnum ferli deiliskipulags.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemendum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar
Náttúrufræðistofnun Íslands

Skipulagsstofnun
b.t. Jakobs Gunnarssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. janúar 2022
UST202112-024/A.B.
09.08.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsskyldufyrirspurn og skipulags- og matslýsing deiliskipulags fyrir Ásgarð í Kerlingarfjöllum – uppbygging ferðamannaðstöðu

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 2. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum og um skipulags- og matslýsingu á nýju deiliskipulagi fyrir svæðið.

Svæðið sem framkvæmdir og deiliskipulagstillagan nær til er innan friðlýsta landslagsverndarsvæðisins Kerlingarfjalla. Framkvæmdir innan friðlýsta svæðisins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Framkvæmdarlýsing

Fannborg ehf. (hér eftir nefnt framkvæmdaraðili) áformar að hefja framkvæmdir við hálendismiðstöðina í Kerlingarfjöllum þar sem rekin er aðstaða fyrir ferðamenn og útivistarfólk. Gert er ráð fyrir að byggja nýja gistiaðstöðu, endurgera allar eldri byggingar og færa hluta þeirra til innan svæðisins. Svæðið verður endurskipulagt, þá einkum umferðarskipulag og bílastæði. Fráveitukerfi verður einnig endurnýjað.

Uppbyggingaráform á svæðinu hafa áður farið í gegnum ferli umhverfismats og lauk því ferli með álti Skipulagsstofnunar þann 24. apríl 2019. Hér er því um að ræða breytingar frá upphaflegum áformum en í breytingunum felast breytt uppröðun og ásýnd mannvirkja en ekki er um að ræða stækkun eða aukið umfang. Gert er ráð fyrir sama fjölda gesta og í valkosti 2 í fyrra umhverfismati, þ.e. þeim valkosti sem þótti koma best út úr umhverfismatinu.

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdunum fylgir nokkuð rask á svæðum sem áður voru lítið eða ekkert röskuð, t.d. þar sem reitur K skagar fram af núverandi akvegi inn í grasi gróna brekku og nýr vegur að tjaldsvæði er fyrirhugaður. Þrátt fyrir rask á þessum svæðum telur stofnunin að breytingarnar muni hafa jákvæð áhrif á skipulag svæðisins og aðkomuna að því.

Vegir og slóðar

Framkvæmdaraðili áformar að leggja nýjan veg sem mun liggja frá hótelsvæðinu, norður meðfram tjaldsvæði og að þjónustuhúsi við tjaldsvæðið. Sá vegur er fyrirhugaður um áður óraskað svæði. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að breidd vinarins verði haldið í lágmarki og að tryggt verði að vegurinn falli að landinu eins og kostur er.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að umferð meðfram bökkum Ásgarðsár verði stýrt og að tekið verði fyrir almenna bílaumferð þar eins og kostur er. Stofnunin bendir á að mikilvægt er að það kom skýrt fram hvernig umferðin verði takmörkuð og hvaða notkun verði á veginum en merkingar þess efnis þurfa að vera til staðar. Stofnunin telur æskilegt að hann verði *akfær gönguleið* og ekki ætlaður bílum nema ef nauðsyn krefur. Umhverfisstofnun telur að í ljósi þess að umferð um veginn mun minnka miðað við núverandi ástand er æskilegt að huga að uppgræðslu á veginum og umhverfis hann. Einnig telur stofnunin að þrengja mætti veginn og vinna að því að afmá svæði sem notuð eru sem bílastæði í dag.

Framkvæmdaraðili áformar að leggja nýjan aðkomuveg inn í Ásgarð. Umhverfisstofnun telur að afmá þurfi að fullu eldri aðkomuveg með því að fylla upp í hann svo hann verði ekki áberandi skurður í landslaginu.

Umhverfisstofnun bendir á að á uppdrætti vantar tengingu við gönguleið upp á Ásgarðsfjall.

Skilti og upplýsingagjöf

Í deiliskipulagstillégu er ekki fjallað um hvernig upplýsingagjöf verði háttað eða hvort fyrirhugað sé að reisa skilti eða skiltabása. Umhverfisstofnun bendir á að æskilegt er skiltagerð og önnur upplýsingagjöf sé unnið í samstarfi við stofnunina.

Tjaldsvæði

Gert er ráð fyrir að hafa eitt stórt tjaldsvæði austan við Ásgarðsá en ekki tvískipt eins og staðan er í dag. Gert er ráð fyrir að tjaldsvæði vestan Ásgarðsár falli út. Umhverfisstofnun bendir þó á að mikilvægt er að halda tjaldsvæði vestan Ásgarðsár opnu á meðan aðalstjaldsvæðið hefur ekki verið grætt nægilega upp til að taka það allt í notkun, þá sérstaklega í ljósi þess að svæðið hefur verið fjölsótt síðustu sumur af ferðamönnum og tjaldsvæðið reglulega nær uppselt. Uppgræðsla tjaldsvæðisins austan árinnar til vesturs er öll á svæði sem þegar er raskað (gamalt hestagerði).

Uppgræðsla

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að mikilvægt er að huga vel að öllum frágangi umhverfis framkvæmdasvæði. Mikilvægt er að staðargróður sé nýttur við uppgræðslu og að uppgræðsla sé gerð í samráð við t.d. Landgræðsluna, Náttúrufræðistofnun Íslands eða Umhverfisstofnun.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Gott væri, ef mögulegt er, að nýta seyruna í samstarfi við Landgræðsluna.

Friðlýsingarskilmálar

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á bráðabirgðaákvæði í friðlýsingarskilmálum fyrir Kerlingarfjöll en þar segir: „*Leyfi Umhverfisstofnunar og Hrunamannahrepps þarf til framkvæmda á svæði I, sbr. 1. mgr. 12. gr. Framkvæmdir í samræmi við samþykkt Hrunamannahrepps frá 8. janúar 2015, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 307/2015 um deiliskipulag í Hrunamannahreppi, sem er í gildi við undirritun friðlýsingar eru ekki háðar leyfi Umhverfisstofnunar enda verði hvorki raskað vistkerfum né jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, frárennsli verði hreinsað með fullnægjandi hætti sbr. reglugerð um fráveitir og skólp nr. 798/1999 og að frágangur að framkvæmdum loknum sé ætið til fyrirmynadar. Verði gerðar breytingar á samþykktu deiliskipulagi á svæði I eftir undirritun friðlýsingarinnar eru framkvæmdir háðar leyfi í samræmi við 1. mgr. 12. gr. Framkvæmdaraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun með hæfilegum fyrirvara um upphaf framkvæmda og fylgja nánari leiðbeiningum stofnunarinnar um tilhögum framkvæmdar og frágang.“*

Heimilt er að halda við núverandi mannvirkjum en ef um nýframkvæmdir eða endurbyggingu er að ræða þarf að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að fyrirhugaðar breytingar á skipulagi svæðisins séu til bóta. Breytingarnar munu bæta skipulag svæðisins sem og aðkomu inn á svæðið sem mun að mati Umhverfisstofnunar hafa jákvæð áhrif á upplifun gesta. Stofnunin leggur áherslu á töluverða uppgræðslu raskaðra svæða og landmótun í kringum veginn meðfram ánni. Mikilvægt er að frágangur sé góður og staðargróður sé nýttur.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin hafi í för með sér aukin umhverfisáhrif umfram þau áhrif sem lýst var í upphaflegu umhverfismati og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur

**Jakob Gunnarsson**

Sérfræðingur, svið umhverfismats
Skipulagsstofnun
Borgartún 7b, 105 REYKJAVÍK
sími 595 4100
netföng: jakob@skipulag.is / skipulag@skipulag.is

Umsögn vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar aðstöðu fyrir ferðamenn í Kerlingafjöllum, Hrunamannahreppi.

Vegagerðin hefur yfirfarið innsend gögn vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar aðstöðu fyrir ferðamenn í Kerlingarfjöllum. Bæði er um að ræða matsfyrirspurn og lýsingu á deiliskipulagi, gögn eru unnin er af Eflu verkfræðistofu dags. 25. október 2021.

Síða 1/1

Vegagerðin telur að nægjanlega sé gert grein fyrir framkvæmdinni í kynningargögnum.

Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 kemur m.a. fram ákvæði um veghelgunarsvæði og tengingar við þjóðvegi. Samkvæmt þeim er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlinu stofnvega en 15 m og frá miðlinu annara þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni. Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á deiliskipulagsuppráttum þar sem við á skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein.

Ávallt skal leita umsagnar Vegagerðarinnar þegar líkur eru á að breytingar á skipulagi hafi áhrif á umferð um þjóðvegi og skal lega þjóðvega í skipulagi vera í samráði Vegagerðarinnar og skipulagsfirvalda.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Rannveig María Jóhannesdóttir
Landfræðingur
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt.